

13. gr.

Vörugjald skv. 8. gr. greiðir móttakandi af vörum, sem koma til hafnarinnar, en sendandi af vörum, sem fluttar eru úr höfninni. Ef margir eiga vörur með sama skipi, skal afgreiðslumaður skipsins standa hafnarsjóði skil á greiðslunni. Ef skip hefur ekki farm sinn skráðan, ber skipstjóri ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins.

Ef vörur eru fluttar úr einu skipi í annað, greiðir sá vörugjald, er affermir. Vörugjald af vörum, sem koma til hafnarinnar, fellur í gjalddaga þegar skipið, sem vörurnar flytur, er komið í höfnina og vörugjald af vörum, sem fluttar eru úr höfninni, fellur í gjalddaga, þegar vörurnar eru komnar á skip. Skipstjóra og afgreiðslumanni skips er óheimilt að afhenda vörurnar, uns gjaldið er greitt. Hafnarsjóður hefur haldsrétt í vörum til tryggingar gjaldinu.

14. gr.

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari og gjaldskrá má taka lögtaki, og hafa þau forgangsrétt sem önnur opinber gjöld, sbr. 12. gr. hafnalaga. Auk þess eru skipagjöldin tryggð með lögveði í skipinu, og gengur það veð í tvö ár fyrir sammingsveðskuldum. Dráttarvextir 2% fyrir hvern byrjaðan mánuð reiknast 2 mánuðum eftir gjalddaga.

Skipagjöld teljast í reglugerð þessari öll þau gjöld, sem skipi ber að greiða til hafnarinnar, svo sem lestargjald, sem skipinu er látin í té af hafnarinnar hálfu.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 25. maí 1977.

Halldór E. Sigurðsson.

Kristinn Gunnarsson.

Nr. 241.

2. júní 1977.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um álagningu gatnagerðargjalda við byggðar götur í Vopnafjarðarkauptúni nr. 309 12. júní 1975.

1. gr.

2. grein orðist svo:

Upphæð gatnagerðargjalds, skv. fyrstu grein, miðast við visitölu byggingarkostnaðar, 1. næsta mánaðar eftir að lagning bundins slitlags á hlutaðeigandi götu fer fram. Gatnagerðargjöld við þær götur sem þegar hefur verið lagt slitlag á, miðast þó við visitöluna 1. nóvember, 1974 og skulu breytingar á gatnagerðargjöldum miðaðar við það.

2. gr.

3. grein orðist svo:

Gatnagerðargjald skv. 1. grein, skal greitt og falla í gjalddaga, skv. nánari ákvörðun hreppsnefndar. Lokagreiðslu, er nemur 20% gjaldsins, þarf þó eigi að inna af hendi fyrr en að gangstétt er fullfrágengin.

Hvað varðar þær götur, sem þegar hafa verið lagðar slitlagi, skal fyrsti gjalddagi vera 15. júlí næstan eftir staðfestingu þessarar reglugerðar, en að öðru leyti gilda sömu reglur um gjalddaga.

Reglugerð þessi sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps staðfestist hér með samkvæmt lögum 51/1974 og 31/1975 til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 2. júní 1977.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

2. júní 1977.

Nr. 242.

REGLUGERÐ

um gatnagerðargjöld í Vopnafjarðarhreppi N-Múlasýslu.

1. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að leggja gatnagerðargjald á lóðir í sveitarfélaginu, eftir því sem segir í reglugerð þessari. Heimilt er að leggja gatnagerðargjald á land, sem sambærilegt telst, þótt ekki sé sérstök lóð.

2. gr.

Gatnagerðargjald þetta er: A-gjald, sem er gjald vegna þátttöku lóðarhafa í kostnaði við að gera undirbyggða götu. Auk A-gjalds verði einnig B-gjald skv. reglugerð nr. 309 12. júní 1975, sem er til að greiða hluta kostnaðar við varanlega gatnagerð, þ. e. bundið slitlag og gangstéttir.

3. gr.

Til útreiknings A-gjalds skal nota eftirfarandi einingartölur, sem breytast í samræmi við breytingar á vísitölu byggingarkostnaðar frá setningu þessarar reglugerðar:

A.

1. Einbýlishús m/bifreiðageymslu að 400 m ³	kr. 100 000
2. Parhús að 400 m ³	— 80 000
3. Tvíbýlishús á 2 hæðum, tveggja íbúða hús á 1 hæð að 400 m ³ hver íbúð	— 70 000
4. Raðhús og fjölbýlishús að 300 m ³ hver íbúð	— 50 000
5. Verslunar-, skrifstofu- og skólahúsnaði per m ³	— 200
6. Iðnaðarhús og vörugeymslur per m ³	— 150
7. Umframstærðir í íbúðarhúsum per m ³	— 200
8. Ef byggt er við eldri hús og stærð þeirra verður meiri en lágmarksstærð skal greiða sama gjald fyrir umframstærðir og áður greinir.	

B.

1. Lóðarhafar greiði í gatnagerðargjald kr. 40 af hverjum m² lóðar.

C.

1. Bifreiðastæði greiða húseigendur sjálfir.

4. gr.

Gjalddagi gatnagerðargjalda, samkvæmt 3. grein skal vera þegar byggingarleyfi er veitt eða lóð úthlutað. Þó er sveitarstjórn heimilt að veita gjaldfrest á hluta gjaldsins þar til byggingarframkvæmdir hefjast eða allt að 2 mánuði. Sé gjaldið